Anvaraleysið við Olfusárbrú.
Ritað í tilefni af því, að gamla
brúin féll niður hinn 6.september 1944.

2 renningar.

7.

Sjötti september er þegar orðinn allmerkilegur dagur og minningaríkur fyrir Selfoss, því að þennan dag var það, 6. sept. 1896 eða fyrir 48 árum, að hjón ein, af þeim, er þar bjuggu þá, urðu undir baðstofuþakinu í jarðskjálftanum mikla, svo, að bani þeirra hlaust af.

Nú er það Ölfusárbrúin sem bilar og veltir af sér tveim bílum og tveim mönnum niður í hylinn og straumiðuna undir brúnni, þennan sama mánaðardag, en þó, sem betur fer, þannig, að mennirnir halda lífi.

Daginn áður – [illegible] oftar – fara áætlunarbílar yfir brúna, hlaðnir fólki, – um eða yfir 20 manns, – án þess að nokkur maður sé látinn fara út úr þeim bílum, heldur sitja þeir sem fastast og engum þeirra kemur til hugar að stíga út úr bílnum og ganga yfir brúna.

Að vísu er fyrirhyggjan eigi svo mikil, að vörður sé settur við hvorn enda brúarinnar til þess, að banni um umferðina sé hlýtt. Bílstjórarnir og farþegarnir hlýða því eigi heldur og sýna þetta allt, að það er í sannleika svo íslenzkt, sem það getur verið: Umsjónin, viðgerðin á brúnni, bannið og hlýðnin við settar reglur.

„Svona eru öll þín verk, Árni" sagði
karlinn. Já, svona eru verk okkar
Íslendinganna: Við sjáum voðann, vörum við
konum, börnum og öðrum mönnum, sem
við vitum fyrirfram að engu vilja hlýða,
geta það ekki og kunna það ekki. Af því, að
þeir eru Íslendingar og eru ávallt „að setja
met" í einhverju öðru – Íslenzk met og
í þessum efnum alheimsmet í því, sem
enga þýðingu hefir fyrir þá né aðra, en þó,
að þykjast vera menn og vilja láta nöfn
sín heyrast í útvarpi, sjá þau í blöðun-
um og heyra um þá talað, eins og þar sé
um einhverja þjóðarfrömuði að ræða, hetjur
og framúrskarandi menn og það eru þeir óneitan-
lega, en aðeins í mannalátum og monti.
Það verður saga til næsta bæjar, jafnvel til
útlanda, að Ölfusárbrúin hafi oltið niður
í ána, en hvort fréttin um ábyrgðina og
eftirlitið fer sömu leið, er annað mál.
Þeirri fregn mætti bara þegja yfir og væri
það efalaust öllum hollast en blekkja að
máli, því orðið ábyrgð er fyrir löngu þýð-
ingarlaust orð og á eigi við lengur.
M.ö.orða: Segið mér, hvaða embættis- og
trúnaðarmenn þjóðarinnar hafa verið látnir
sæta ábyrgðar fyrir vanrækslu sína? Sumir
þeirra hafa jafnvel hækkað því meir í tigninni,
sem þeir reyndust ónýtari og óhæfari til þess, að
hafa starf það á hendi sem þeim var trúað fyrir.
En þeir voru Íslendingar og það var nóg, „met-
hafar" í mörgum greinum og montnir vel.